

**Sp.**

**102. Tillaga til þingsályktunar**

[77. mál]

um kvikmyndasýningar í sveitum.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara í samráði við sveitarstjórnir athugun á því, hvernig hagkvæmast sé að skipuleggja kvikmyndasýningar í sveitum landsins.

**Greinargerð.**

Því meir sem fólki fækkar í sveitum, því örðugra verður að halda þar uppi félags- og skemmtanalífi. Kvikmyndasýningar eru meðal vinsælustu og ódýrustu skemmtana. Ekki mun þykja arðvænlegt að starfrækja kvikmyndahús í dreifbýli. Þess vegna fara sveitirnar á mis við þá skemmtun og fróðleik, sem kvikmyndir geta veitt. Þörf sveitafólks fyrir þessa tegund skemmtana er þó síður en svo minni en þeirra, sem búa í þéttbýli. Af þessu leiðir, að fólkið sækir þessar skemmtanir til bæjanna, eftir því sem við verður komið, einkum yngra fólkið. Er þetta eitt af mörgu, sem dregur fólkið úr dreifbýli til þéttbýlis. Þennan aðstöðumun sveita og bæja þarf að jafna.

Varla er við því að búast, að venjulegum kvikmyndahúsum verði komið upp í sveitum. Hins vegar má telja líklegt, að koma megi á skipulegum kvikmyndasýningum í félagsheimilum eða einkahúsnæði í dreifbýli, ef miðað er við fáa sýningargesti. Auðvitað yrði ekki um daglegar kvikmyndasýningar að ræða, en t. d. gætu nokkrar sýningar yfir veturinn haft verulega þýðingu til skemmtunar, fróðleiks og aukinna félagslegra samskipta. Ætla má, að sveitarfélög eða félagssamtök innan þeirra vildu eitthvað á sig leggja til þess að glæða á þennan hátt skemmtana- og félagslíf byggðanna, ef aðstoð hins opinbera kæmi til.